VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

# ÚTGÁFULÝSING

## ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

## 1. kafli

### *Almennar upplýsingar um útgefanda:*

*1.1 Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Lánasjóður sveitarfélaga, kt. 710169-4979, Borgartúni 30, Reykjavík.

Heimild til útgáfu skuldabréfa að fjárhæð allt að kr. 1.000.000.000 var veitt á fundi stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga hinn 2. mars 2005.

Fjárfestum er bent á að stjórnin getur heimilað frekari stækkun á skuldabréfaflokknum í framtíðinni, umfram núverandi heimild frá 2. mars 2005.

*1.2 Nöfn og kennitölur forsvarsmanns útgefenda.*

Þorsteinn Þorsteinsson, kt. 270348-4759, framkvæmdastjóri

*1.3 Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Sjóðurinn starfar eftir lögum nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi, en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Lánasjóðurinn skal starfa sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og uppfylla skilyrði þeirra laga, sé ekki á annan veg mælt í lögum nr. 136/2004.

Æðsta vald í málefnum lánasjóðsins er í höndum eigendafunda þar sem eiga sæti fulltrúar sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eigendafundur setur samþykktir fyrir lánasjóðinn þar sem kveðið er nánar á um stjórn hans og rekstur. Samþykktirnar eða breytingar á þeim öðlast gildi þegar þær hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Megintilgangur sjóðsins skv. 2. gr. laganna er að tryggja sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán eða ábyrgðir til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

# 2. kafli

## *Upplýsingar um útgáfuna:*

2.1 *Hvaða reikningsstofnun annist greiðslur fyrir útgefanda, ef útgefandi er ekki sjálfur reikningsstofnun.*
Útgefandi tilkynnir til Verðbréfaskráningar þegar fyrir liggur hvort reikningsstofnun muni annast greiðslur afborgana og vaxta af skuldabréfunum.

2.2 *Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.*

| | |
|---|---|
| **Auðkenni:** | LSS 05 2 |
| **Tegund bréfs:** | Jafnar árlegar afborganir |
| **ISIN:** | IS 0000010619 |
| **Heildarheimild samkv. samningi:** | 1.000.000.000 kr. |
| **Útgefið nú:** | 1.000.000.000 kr. |
| **Nafnverðseiningar:** | 10.000.000 kr. |
| **Útgáfudagur:** | 14. mars 2005 |
| **Gjalddagi afborgunar/lokagjalddagi:** | Fyrsti gjalddagi afborgana 14. mars 2008. Lokagjalddagi afborgana 14. mars 2022. |
| **Verðtrygging:** | Skuld þessi er bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í mars 2005,sem er 239,7 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er verðbótum bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan er deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga, sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga, sem komið er að. |
| **Nafnvextir:** | Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 3,5% fastir ársvextir, sem reiknast frá 14. mars 2005. Vexti ber að greiða eftir á 14. mars ár hvert, í fyrsta sinn 14. mars 2006 og í síðasta sinn 14. mars 2012. |
| **Fyrsti vaxtadagur:** | 14. mars 2005 |
| **Fyrsti gjalddagi vaxta:** | 14. mars 2006 |
| **Gjaldmiðill:** | ISK |
| **Vanskil:** | Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum. |
| **Framsal:** | Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. |

**Stimpilgjald:** Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.

**Ágreiningsmál:** Rísi mál út af skuldabréfi þessu skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.

**Heimild:** Heildarheimild útgáfunnar er 1.000 m.kr. Flokkurinn er opinn til stækkunar með óákveðinni lokastærð og getur stjórn útgefanda því veitt frekari heimild til stækkunar flokksins umfram núverandi heimild frá 2. mars 2005.

*2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.*

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

*2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1981 teljast bréfin til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

2.5 *Tilgreint sé inn á hvaða VS - reikning ráðstafa eigi útgefnum skuldabréfum.*

Fjárhæðinni skal ráðstafa inn á reikning á kennitölu Íslandsbanka, 550500-3530, á hlutlausa svæðinu.

*2.6. Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.*

# 3. kafli

## *Upplýsingar um þá sem ábyrgjast útgáfulýsingu og endurskoðun ársreikninga:*

*3.1* *Nöfn og kennitölur þeirra sem bera ábyrgð á útgáfulýsingu.*
Lánasjóður sveitarfélaga, kt. 710169-4979
Þorsteinn Þorsteinsson, kt. 270348-4759

*3.2* *Nöfn og kennitölur löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*
Endurskoðun Sveins Sæmundssonar ehf., kt. 531201-3020
Sveinn Sæmundsson, kt. 221139-3729.

# 4. kafli

## *Fylgigögn með skráningar- eða útgáfulýsingu:*

***4.1*** *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*
Gögn liggja fyrir hjá VBSÍ vegna fyrri skráninga.

***4.2*** *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna*
Sjá meðfylgjandi bókun úr fundargerð stjórnar, dags. 8. mars 2005.

***4.3*** *Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.*
Útgefandi er undanþeginn greiðslu stimpilgjalds, sbr. 9. gr. laga nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.

***4.4*** *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*
Íslandsbanki hf. er frumsöluaðili. Formlegur samningur milli aðila liggur ekki fyrir.

***4.5*** *Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*

***4.6*** *Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.*

Reykjavík 10. mars 2005,

F.h. útgefanda
Lánasjóðs sveitarfélaga

F.h. umsjónaraðila
Markaðsviðskipti Íslandsbanka hf..

VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

# VIÐAUKI VIÐ SAMNING

MILLI

# VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

OG

# LÁNASJÓÐS SVEITARFÉLAGA

UM

HÆKKUN Á HEILDARFJÁRHÆÐ SKULDABRÉFAÚTGÁFU MEÐ AUÐKENNINU LSS 05 2 OG ISIN NR. IS0000010619.

Verðbréfaskráning Íslands hf, kt. 500797-3209, og Lánsjóður sveitarfélaga, kt. 710169-4979, gera hér með samning um viðauka við útgáfusamning félaganna dags. 10. mars 2005. Með viðauka þessum verður heimilt að hækka heildarfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar um kr. 1.500.000.000-, einnoghálfanmilljarð að nafnvirði, en útgefin fjárhæð í þessum flokki er nú kr. 1.000.000.000., einnmilljarður. Heildarfjárhæð samkvæmt samningnum verður því kr. 2.500.000.000.-, tveiroghálfurmilljarður að nafnvirði. Að öðru leyti er vísað í útgáfulýsingu dags. 10. mars 2005.

Reykjavík, 4. júlí 2005

F.h. Verðbréfaskráningar Íslands hf,

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga,

Birgir L. Blöndal

VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

# VIÐAUKI VIÐ SAMNING

MILLI

## VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

OG

## LÁNASJÓÐS SVEITARFÉLAGA

UM

HÆKKUN Á HEILDARFJÁRHÆÐ SKULDABRÉFAÚTGÁFU MEÐ AUÐKENNINU LSS 05 2 OG ISIN NR. IS0000010619.

Verðbréfaskráning Íslands hf, kt. 500797-3209, og Lánasjóður sveitarfélaga, kt. 710169-4979, gera hér með samning um viðauka við útgáfusamning félaganna, dags. 10. mars 2005 og viðauka við þann samning, dags. 4. júlí 2005. Með viðauka þessum verður heimilt að hækka heildarfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar um kr. 650.000.000.-, sexhundruðogfimmtíumilljónir að nafnvirði, en útgefin fjárhæð í þessum flokki er nú kr. 2000.000.000.-, tveirmilljarðar. Heildarheimild til útgáfu var 2.500.000.000.-, tveiroghálfurmilljarður, en verður eftir hækkun kr. 3.150.000.000.-, þrírmilljarðareitthundraðogfimmtíumilljónir að nafnvirði. Að öðru leyti er vísað í útgáfulýsingu, dags. 10. mars 2005.

Reykjavík, 29. ágúst 2005

F.h. Verðbréfaskráningar Íslands hf,

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga,

VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

# VIÐAUKI VIÐ SAMNING

MILLI

## VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

OG

## LÁNASJÓÐS SVEITARFÉLAGA

UM

HÆKKUN Á HEILDARFJÁRHÆÐ SKULDABRÉFAÚTGÁFU MEÐ AUÐKENNINU LSS 05 2 OG ISIN NR. IS0000010619

Verðbréfaskráning Íslands hf, kt. 500797-3209, og Lánasjóður sveitarfélaga, kt. 710169-4979, gera hér með samning um viðauka við útgáfusamning félaganna, dags. 10. mars 2005. Flokkurinn hefur tvívegis verið aukinn, samt. um kr. **1.150.000.000-,** með beiðnum dagsettum 4. júlí og 29. ágúst, báðum á árinu 2005. Heildarheimild samkvæmt samningnum er nú kr. **3.150.000.000.-**, en með viðauka þessum verður heimildin aukin um kr. **1.500.000.000.-** og verður eftir hækkun **4.650.000.000.-** Flokkurinn var, þann 29. mars 2006, aukinn um kr. **200.000.000.-** og er útgefin fjárhæð nú kr. **3.350.000.000.-** Að öðru leyti er vísað í útgáfulýsingu dags. 10. mars 2006.

Reykjavík, 29. mars 2006

F.h. Verðbréfaskráningar Íslands hf,

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga,

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

# VIÐBÓT VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK

Hér með óskar Lánasjóður sveitarfélaga eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 05 2 og ISIN nr. IS0000010619 verði aukinn um kr. 450.000.000 sbr. heimild til hækkunar flokksins í kr. 4.650.000.000. Vísað er til útgáfulýsingar dags. 10. mars 2005, sem og útgáfusamnings Lánasjóðs sveitarfélaga og Verðbréfaskráningar Íslands hf. dags. 10. mars 2005 og viðauka við þann samning dags. 18. apríl og 29. ágúst 2005 og 29. mars 2006. Áður hafa verið gefnar út kr. 3.350.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. 3.800.000.000 eftir hækkunina.

Óskað er eftir að hækkuninni verði ráðstafað inn á kennitölu 710169-4979 (Lánasjóður sveitarfélaga) á hlutlausa svæði Verðbréfaskráningar. Vinsamlegast tilkynnið Íslenskum verðbréfum hf. í síma 460-4703, þegar hækkunin hefur verið skráð.

Skuldabréfaflokkur þessi er þegar skráður í Kauphöll Íslands hf.

Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.

Reykjavík, 3. maí 2006

F.h. útgefanda

Þ. Þorsteinsson

Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri

F.h. reikningsstofnunar

Ásgeir M. Ásgeirsson

Verðbréfaskráning Íslands hf.
Laugavegi 182
105 Reykjavík

# VIÐBÓTARÚTGÁFA VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK LSS 05 2

Með vísan til heimildar skv. útgáfusamningi Lánasjóðs sveitarfélaga og Verðbréfaskráningar Íslands hf. dags. 10. mars 2005 og viðauka við þann samning dags. 18. apríl, 29. ágúst 2005 og 29. mars 2006, óskar Lánasjóður Sveitarfélaga eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 05 2 verði hækkaður um kr. 850.000.000. Samkvæmt viðauka við samninginn frá 29. mars 2006 er heimild til að flokkurinn verði að fjárhæð allt að kr. 4.650.000.000. Einnig er vísað til útgáfulýsingar dags. 10. mars 2005. Áður hafa verið gefnar út kr. 3.800.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. 4.650.000.000 eftir hækkunina.

Óskað er eftir að hækkuninni verði ráðstafað á kennitölu Lánasjóðs sveitarfélaga, kt. 710169-4979, á hlutlausa svæðinu.

Skuldabréfaflokkur þessi er skráður í Kauphöll Íslands hf.

Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.

Reykjavík, 19. júní 2006

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga

Birgir L. Blöndal

Birgir L. Blöndal, deildarstjóri

Vottar að dagsetningu og réttri undirskrift:

Guðbjörg Karlsdóttir 161060-4789

Nafn og kt.

Jónína Eggertsd. 130746-3499

Nafn og kt.

F.h. umsjónaraðila Glitnis banka hf.

Styrmir Guðmundsson

VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

# VIÐAUKI VIÐ SAMNING

MILLI

# VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

OG

# LÁNASJÓÐS SVEITARFÉLAGA

UM

## HÆKKUN Á HEILDARFJÁRHÆÐ SKULDABRÉFAÚTGÁFU MEÐ AUÐKENNINU LSS 05 2 OG ISIN NR. IS0000010619

Verðbréfaskráning Íslands hf, kt. 500797-3209, og Lánasjóður sveitarfélaga, kt. 710169-4979, gera hér með samning um nýjan viðauka við útgáfusamning félaganna, dags. 10. mars 2005. Heildarheimild flokksins, sem var upphaflega kr. **1.000.000.000.-**, hefur þrívegis verið aukin, þann 4. júlí og 29. ágúst 2005 og 29. mars 2006, samt. um kr. **3.650.000.000.-** Heildarheimild er því nú kr. **4.650.000.000.-** en með viðauka þessum verður hún aukin um kr. **2.350.000.000.-** og verður eftir hækkun kr. **7.000.000.000.-** Að öðru leyti er vísað í útgáfulýsingu dags. 10. mars 2006.

Reykjavík, 23. ágúst 2006

F.h. Verðbréfaskráningar Íslands hf,

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga,

Verðbréfaskráning Íslands hf.
Laugavegi 182
105 Reykjavík

# VIÐBÓTARÚTGÁFA VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK LSS 05 2

4. júlí 2005, skv. beiðni f.h. Glitni (EBS)

Með vísan til heimildar í útgáfusamningi Lánasjóðs sveitarfélaga og Verðbréfaskráningar Íslands hf. dags. 10. mars 2005 og viðauka við þann samning dags. ~~18. apríl 2005,~~ 29. ágúst 2005, 29. mars 2006 og 23. ágúst 2006 óskar Lánasjóður sveitarfélaga eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 05 2 verði hækkaður um kr. 200.000.000. Samkvæmt viðauka við samninginn frá 23. ágúst 2006 er heimild til að flokkurinn verði að fjárhæð allt að kr. 7.000.000.000. Einnig er vísað til útgáfulýsingar dags. 10. mars 2005. Áður hafa verið gefnar út kr. 4.650.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. 4.850.000.000 eftir hækkunina.

Óskað er eftir að hækkuninni verði ráðstafað á kennitölu Lánasjóðs sveitarfélaga, kt. 710169-4979, á hlutlausa svæðinu.

Skuldabréfaflokkur þessi er skráður í Kauphöll Íslands hf.

Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.

Reykjavík, 29. ágúst 2006

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga

Þ. Þorsteinsson

Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri

Vottar að dagsetningu og réttri undirskrift:

Guðbjörg Karlsdóttir 161066-4789
Nafn og kt.

Magnús Karel Hannesson 100452-4729
Nafn og kt.

F.h. umsjónaraðila Glitnis banka hf.

Ing. R. Júlíusson

GLITNIR

Verðbréfaskráning Íslands hf.
Laugavegi 182
105 Reykjavík

# VIÐBÓTARÚTGÁFA VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK LSS 05 2

Með vísan til heimildar í útgáfusamningi Lánasjóðs sveitarfélaga og Verðbréfaskráningar Íslands hf. dags. 10. mars 2005 og viðauka við þann samning dags. 4. júlí 2005, 29. ágúst 2005, 29. mars 2006 og 23. ágúst 2006 óskar Lánasjóður sveitarfélaga eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 05 2 verði hækkaður um kr. 420.000.000. Samkvæmt viðauka við samninginn frá 23. ágúst 2006 er heimild til að flokkurinn verði að fjárhæð allt að kr. 7.000.000.000. Einnig er vísað til útgáfulýsingar dags. 10. mars 2005. Áður hafa verið gefnar út kr. 4.850.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. 5.270.000.000 eftir hækkunina.

Óskað er eftir að hækkuninni verði ráðstafað á kennitölu Lánasjóðs sveitarfélaga, kt. 710169-4979, á hlutlausa svæðinu.

Skuldabréfaflokkur þessi er skráður í Kauphöll Íslands hf.

Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.

Reykjavík, 16. október 2006

F.h. Lánasjóðs sveitarfélaga

Birgir L. Blöndal

Birgir L. Blöndal, deildarstjóri

Vottar að dagsetningu og réttri undirskrift:

Jónína Eggertsd. 130746-3499

Nafn og kt.

Bára M. Eiríksd. 190843-4599

Nafn og kt.

F.h. umsjónaraðila Glitnis banka hf.

Otter Guðjónsson